# 391 Sjá, nú rennur dagur af djúpi skær




5. Ljómi ber af ljóma við himins hlið,
himnesk dögun kemur með náð og frið,
andvara þess morguns sem aldrei fer,
upprisunnar birtu, minn Guð, frá þér.

6. Þótt mig reki stormar um húmguð höf,
hinst þó bíði nóttin við kalda gröf,
lífsins Guð mér skýlir og heljar hjarn
hlær sem dögg við sól því ég er hans barn.

7. Sjá, þá rennur dagur af djúpi nýr,
dauðans nótt að eilífu burtu flýr.
Ó, þann gleðisöng þegar sér vor önd
sól Guðs standa kyrra við lífsins strönd.

**T** Jakob Knudsen 1891 – Sigurbjörn Einarsson 2003 – Vb. 2013
**L** Oluf S. Ring um 1915 – Vb. 2013
**H** Ný sálmasöngsbók

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023